



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
04.05.2017**

**215. fundur (aukafundur)
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 27. apríl 2017 kl. 13:00**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Heiðu Guðmundsdóttur, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson. Árni Pétur Hilmarsson boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2016 – fyrri umræða

1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2016 – fyrri umræða

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2016 lagður fram til fyrri umræðu.

Arnar Arnason endurskoðandi KPMG mætti til fundarins og fór yfir reikninginn. Einnig sat skrifstofustjóri fundinn.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 53,1 millj.kr. þar af í A hluta 47 millj.kr. Samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 14,9 millj.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu í samstæðunni. Á heildina litið er jákvætt frávik frá áætlun 68 millj.kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Frávikið skýrist af hærri tekjum Jöfnunarsjóðs en áætlað var og aðhaldi í rekstri. Veltufé frá rekstri er 92,7 millj.kr. og handbært fé frá rekstri er 38,5 millj.kr. Skuldahlutfall A og B hluta er 58,3% en var 62,4% árið 2015.

Sveitarstjórn þakkar starfsfólki Þingeyjarsveitar góðan árangur í rekstri sveitarfélagsins. Samþykkt að vísa ársreikningi 2016 til seinni umræðu í sveitarstjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15

Aðalfundur Framsóknarfélags Ljósavatnshrepps

Verður haldinn í Safnaðarheimili Þorgeirskirkju
Föstudagskvöldið 12. maí nk. kl. 20:30.

- ◆ Framtíð félagsins
- ◆ Önnur mál

Stjórnin



Viðhald girðinga meðfram vegum í Þingeyjarsveit

Landeigendur eru minntir á að tilkynna til skrifstofu

Þingeyjarsveitar í síma 464-3322 eða á netfangið thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is þegar viðhaldi veggirðinga er lokið.

Skrifstofa Þingeyjarsveitar



Sundlaugin á Laugum auglýsir

18. -24.mai verður sundlaugin lokuð
vegna þrifa og lagfæringar.

25. maí uppstigningardag opnum við aftur og
þá sumaropnun í framhaldi.
opnunar tímar sundlaugarinnar í sumar sem hér segir:
10-21 alla daga vikunar og um helgar.

Einnig auglýsum við eftir sumarstarfsfólki í afleysingar frá
25. maí- 20. ágúst

Hæfniskröfur.
Standast hæfnispróf sundstaða,
Góða þjónustulund og vera orðin 18.ára
Upplýsingar veitir Íris í síma 861-6759



Umsóknir í vinnuskóla Þingeyjarsveitar 2017

Nú stendur yfir skráning í vinnuskóla
Þingeyjarsveitar. Vinnuskólinn verður
starfræktur alla virka daga á tímabilinu **12. júní - 4. ágúst,**
samtals 8 vikur.

Skráning fer fram á skrifstofu sveitarfélagsins. Einnig er hægt
að skrá símleiðis í síma 464-3322 eða prenta út
umsóknareyðublað á heimasíðu Þingeyjarsveitar og senda á
skrifstofuna. **Umsóknarfrestur er til 31. maí.**

Umsækjendur fá sent bréf heim með nánari upplýsingum um
vinnutíma, markmið og reglur vinnuskólans.

**Rétt til vinnuskólans hafa ungmenni í Þingeyjarsveit fædd
2001, 2002 og 2003 (8. 9. og 10. bekkur)**

Móttöku umsókna og nánari upplýsingar veita Jónas og Margrét
á skrifstofu Þingeyjarsveitar í síma 464-3322

Vinnuskólinn sinnir ýmsum verkefnum utandyra í
sveitarfélaginu á sviði garðyrkju. Einnig verður boðið uppá
uppbot í vinnuskólanum. Verið er að vinna þá dagskrá og
verður hún auglýst nánar síðar.

19.tbl.
10. maí
2017
24. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Aðalsafnaðarfundur Grenjaðarstaðarsóknar

verður haldinn að Grenjaðarstað
fimmtudaginn 25. maí kl. 20:00.
Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf og kosning
kjörmanna, sem kjósa eiga prest og biskup, þegar slíkar
kosningar koma upp.

Sóknarnefndin

Mývatnsmaraþon 2017

Mývatnsmaraþon verður haldið laugardaginn 3. júní 2017.
Hlaupið hefst og endar við Jarðböðin við Mývatn og hlaupið verður
eftir þjóðveginum í kringum Mývatn.
Mývatnsmaraþon er frábær upplifun þar sem náttúran spilar stórt
hlutverk!
Þátttakendur geta valið úr fjórum vegalengdum, maraþoni,
hálfmaraþoni, 10 km og 3 km. Því ættu allir að finna eitthvað fyrir sitt
hæfi.
Innfalið í þátttökugjaldi er: Grillveisla, aðgangur í Jarðböðin og
hlaupabólur. Einnig verða veitt sérstök útdráttarverðlaun.
Nánari upplýsingar um hlaupið er að finna á hlaup.is.

Skráning fer fram á hlaup.is. Einnig er hægt að skrá sig á staðnum á
keppnisdegi.

Athugið að frá og með 16. maí hækkar gjaldið.

Upplýsingar í síma 894 6318. Tengiliður: Elisabet Sigurðardóttir,
e-mail: myvetningur@gmail.com